

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag skóla- og íþróttamiðstöðvar á Þórshöfn, Langanesbyggð.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkti þann 28. ágúst 2014 deiliskipulag fyrir skóla- og íþróttamiðstöð á Þórshöfn.

Deiliskipulagið felur í sér svæði fyrir grunn- og leikskóla ásamt menntasetri, félagsheimilið Þórsver, íþróttamiðstöð og aðliggjandi útivistar- og íþróttasvæði. Í deiliskipulaginu er m.a. gert ráð fyrir stækkun á húsnæði grunnskólans og byggingu nýs leikskóla ásamt tengibyggingu við grunnskólann. Einnig eru gerðar breytingar á rýmisnýtingu innan skipulagssvæðisins.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Þórshöfn 13. júlí 2015.*

**Sigríður Jóhannesdóttir,**  
fulltrúi sveitarstjóra Langanesbyggðar.

---

B-deild – Útgáfud.: 17. júlí 2015